

Fundargerð 390. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2016, miðvikudaginn 7. desember kl. 14:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ásta Björg Pálmadóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Guðný Sverrisdóttir, Ólafur Þór Snorrason, Steinþór Pétursson, Björn Arnaldsson og Lúðvík Geirsson. Sigrún Árnadóttir var í símasambandi.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2016 - 1601002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 389. fundar frá 11. nóvember sl.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

2. Fjárhagsstaða verst settu hafnasjóðanna - 1611006HA

Lögð fram að nýju ályktun 40. hafnasambandsþings um sérstaka endurskoðun á fjárhagsstöðu verst settu hafnanna. Einnig lagt fram minnisblað frá Sigurði Ármanni Snævarr, sviðsstjóra hag- og upplýsingasviðs sambandsins dags. 7. desember 2016, um fjárhagsstöðu verst settu hafnanna.

Ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi. Framkvæmdastjóra falið að senda bréf á þær hafnir sem nefndar eru í minnisblaðinu og athuga hvort viðkomandi aðildarhafnir séu með einhverja áætlun og framtíðarsýn til að vinna úr erfiðri fjárhagsstöðu.

3. Framlög til hafnarframkvæmda í fjárlögum 2017 - 1612002HA

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra, dags. 7. desember 2016, þar sem farið er yfir framlög til hafnarframkvæmda í frumvarpi til fjárlaga árið 2017 sem lagt var fram á Alþingi þann 6. desember sl.

Í frumvarpi til fjárlaga 2017 er gert ráð fyrir 212 m.kr. í hafnabótasjóð, sem er 400 m.kr. lækkun frá árinu 2016. Í nýsamþykkttri samgönguáætlun er hins vegar gert ráð fyrir 1.158 m.kr. í hafnabótasjóð.

Á nýliðnu hafnasambandsþingi, sem haldið var 13.-14. október sl., var því fagnað að hlutur hafna var aukinn í samgönguáætlun. Sá fögnuður reyndist skammvinnur og er því sá fögnuður dreginn til baka enda telur stjórn hafnasambandsins að fyrirhuguð framlög á árinu 2017 séu óviðunandi með öllu.

4. Lög um mönnun hafnsögu- og dráttarbáta - endurskoðun - 1612001HA

Lagt fram bréf frá Vestmannaeyjahöfnum, dags. 1. desember 2016, þar sem óskað er eftir því að hafnasambandið beiti sér fyrir að lög um mönnun hafnsögu- og dráttarbáta verði endurskoðuð.

Stjórn hafnasambandsins tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í bréfinu. Samþykkt að fela Guðmundi, Steinþóri, Ólafi og Gísla að afla frekari upplýsinga og taka málið upp á næsta fundi stjórnar.

5. Frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða - 1608002HA

Lagt fram bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 24. nóvember 2016, þar sem óskað er eftir umsögn hafnasambandsins við frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða.

Samþykkt að senda aftur þá umsögn sem hafnasambandið sendi frá sér 18. ágúst sl. um málið.

6. Eldi í sjó - 1611005HA

Lagt fram minnisblað frá Steinþóri Péturssyni, dags. 14. nóvember 2016, þar sem hann fjallar um starfsleyfi eldis í sjó en honum var falið verkefnið á seinasta stjórnarfundi Hafnasambands Íslands.

Stjórn Hafnasambands Íslands beinir þeim tilmælum til atvinnuveganefndar Alþingis og ráðherra málefna nýsköpunar- og atvinnuvega að reglur um leyfisveitingar til eldis í sjó verði betur samræmdar og skerpt á ákvæðum varðandi starfsleyfi og rekstrarleyfi. Í því sambandi er mikilvægt að tilgreina að starfsleyfi og rekstrarleyfi geti fallið samhliða úr gildi ef starfsemi hefst ekki innan eins til tveggja ára frá því að leyfi var veitt og einu ári frá því að starfsemi stöðvast af einhverjum orsökum. Þá er mikilvægt að tilgreint sé að starfsleyfis- og/eða rekstrarleyfishafi sé ábyrgur fyrir því að fjarlægja mannvirki á sjó og landi ef starfsemi stöðvast eða hættir.

7. Skip í hirðuleysi 2015-2016 - 1611004HA

Lagt fram minnisblað frá framkvæmdastjóra, dags. 7. desember 2016, þar sem farið er yfir niðurstöður úttektar um fjölda skipa sem voru í hirðuleysi 2015-2016.

Samþykkt að senda minnisblaðið á Umhverfisstofnun ásamt fyrirspurn um hvort hægt sé að gera sameiginlegt átak í förgun þeirra skipa sem mögulegt er og heimila að skip sem eru í hirðuleysi verði rifin í Hafnarfirði eða Helguvík.

8. Kynning á starfsemi hafna - 1611008HA

Lögð fyrir að nýju ályktun 40. hafnasambandsþings um kynningarstarfsemi hafna. Einnig lagðar fram hugmyndir að leiðum til að kynna hafnirnar.

Samþykkt að láta útbúa gagnabanka og Íslandskort hafna sem verður á forsíðu www.hafnasamband.is og að fara í verkefni er kallast Verið viðbúin! Það snýr að því

að bjóða upp á námskeið í krísustjórnun fyrir hafnarstjóra. Því rétt og markviss viðbrögð gagnvart fjölmiðlum og almenningi þegar óhöpp eiga sér stað geta skipt öllu máli varðandi orðspor, trúverðugleika, traust og ásýnd starfseminnar. Framkvæmdastjóra falið að athuga hvort einhverjar aðildarhafnir séu tilbúnar í að taka þátt í útgáfu sjónvarpsþátta um hafnir í samvinnu við hafnasambandið og einhvern ljósvakamiðil.

Öll þessi verkefni voru kynnt á hafnasambandsþingi sem haldið var 13.-14. október sl. á Ísafirði. Áætlaður kostnaður hafnasambandsins vegna verkefnanna er um 1.600.000 kr. á árinu 2017 en gert var ráð fyrir þessum kostnaði í fjárhagsáætlun ársins.

9. Móttaka og meðhöndlun úrgangs - 1601003HA

Formaður gerði grein fyrir fundi sem hann ásamt Lúðvík og Birni áttu fyrr í dag með Umhverfisstofnun varðandi reglugerð um móttöku á sorpi.

Formanni falið að fylgja málinu eftir.

Fundi var slitið kl. 15:50

Gísli Gíslason

Ásta Björg Pálmadóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Guðný Sverrisdóttir

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Steinþór Pétursson

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson